

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-
varnarlaun Erlends Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1000.00.
Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 67/1953. **Bentína Þorkelsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir
og Kristinn Þorkelsson** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Björgu Pétursdóttur (Einar B. Guðmundsson).
Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar**.

Skýring á 8. gr. erfðalaga nr. 42/1949.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1953, krefjast þess að dæmt verði, að þeir séu einkaerfingjar arflátans Helgu Halldórsdóttur, en hvor málsaðilja verði látinn bera sinn kostnað af málinu.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum dæmt að greiða stefndu málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur Bentína Þorkelsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir og Kristinn Þorkelsson greiði stefndu, Björgu Pétursdóttur, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 21. febrúar 1953.

Þann 29. júní 1921 gerðu hjónin Ólafur Pétursson og Helga Halldórsdóttir, þá til heimilis á Siglufirði, þá ráðstöfun eigna sinna, að það þeirra, sem lengur lifði, skyldi erfa allar eignir þess, sem fyrr félli frá, enda áttu þau engin lífsafkvæmi. Var arfleðsluskrá þessi gerð bréflaga og þinglesin á manntalsþingi Siglufjarðarkaupstaðar 30. sama mánaðar. Ólafur Pétursson mun hafa látizt í febrúarmánuði 1946 og runnu þá allar eignir hans til ekkju hans, Helgu Halldórsdóttur, samkvæmt fyrrgreindri arfleðsluskrá.

Þann 19. júlí 1951 andaðist Helga Halldórsdóttir, sem þá átti heima á Mímisvegi 6, hér í bænum. Fór uppskrift á eignum hennar fram hér í skiptarétti Reykjavíkur þann 21. marz 1952, en 29. sama mánaðar var gefin út innköllun til erfingja og skuldheimtumanna og var hún birt síðast í Lögbirtingarblaðinu 19. apríl 1952.

Sóknaraðiljar, Kristinn Þorkelsson, Stórholti 30, Guðrún Þorkelsdóttir, Ásvallagötu 53 og Bentína Þorkelsdóttir, Laugarnescamp 34 A, öll hér í bænum, kölluðu til arfs úr búi þessu, en þeirra erfðaréttur byggist á því, að þau eru börn Þorkels heitins Benjamínssonar, sem var hálf-bróðir hinnar látnu. Einnig krafðist arfs úr búi þessu Björg Pétursdóttir, Öldugötu 5, hér í bænum, en hún er alsystir Ólafs heitins Péturssonar, eiginmanns hinnar látnu.

Á skiptafundi, sem haldinn var í búi þessu 12. nóvember síðast liðinn svo og 26. fyrra mánaðar, héldu sóknaraðiljar því fram, að þeir væru einir erfingjar að eignum bús þessa og mótmæltu þeir með öllu erfðakröfu Bjargar Pétursdóttur, en hún hélt fast við erfðakröfu sína, og eftir að aðiljar höfðu í sérstöku máli sótt og varið ágreiningsatriði þetta fyrir skiptaréttinum, var það tekið undir úrskurð 14. þ. m.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Sóknaraðiljar byggja kröfugerð sína á því, að Ólafur heitinn Pétursson hafi ráðstafað eignum sínum með arfleðsluskrá til konu sinnar, án þess að nokkur fyrirvari væri gerður um arftöku ættingja hans, þótt kona hans andaðist síðar; og komi því ekki til greina, að þeim beri arfur úr búi þessu.

Varnaraðili byggir aftur á móti erfðarétt sinn á því, að þar sem aðiljar hafi ekki ráðstafað eignum sínum eftir lát þess, sem lengur lifði, með arfleðsluskrá, og það, sem síðar andaðist, hafi ekki heldur gengið í hjónaband á ný né átt lífsafkvæmi, þá sé það vafalaust, að hún njóti erfðaréttar eftir hina látnu.

Í erfðalögum nr. 42 frá 23. maí 1949, 8. gr., segir svo: „Nú andast það hjóna, sem lengur lifir, án þess að hafa gifzt aftur, en á ekki lifandi niðja eða kjörniðja og hefur ekki ráðstafað eignum sínum og skulu þá eftirlátnar eignir þess skiptast milli lögmæltra erfingja þeirra beggja að jöfnu. —“

Því er ekki haldið fram í máli þessu, að hin látna Helga Halldórsdóttir hafi gengið í hjónaband, eftir að hún missti mann sinn, Ólaf

Pétursson, né að hún hafi átt niðja eða kjörniðja og hefur ekki heldur neitt komið fram um, að hún hafi ráðstafað með arfleiðsluskrá eignum sínum eftir sinn dag. Verður því ekki annað séð en að um eftirlátnar eignir hennar fari beint eftir orðum 8. greinar fyrrgreindra erfðalaga og getur ekki hin sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, sem fyrir liggur í máli þessu, haft áhrif í gagnstæða átt, þar sem sú arfleiðsluskrá er aðeins ráðstöfun eigna þeirra hjóna innbyrðis.

Samkvæmt þessu þykir því verða að skipta eignum dánarbús þessa að jöfnu milli lögerfingja hvors hjóna um sig.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja í málskostnað kr. 1000.00.

Því úrskurðast:

Eftirlátnum eignum Helgu Halldórsdóttur skal skipt að jöfnu milli lögerfingja hennar og lögerfingja eiginmanns hennar, Ólafs Péturssonar.

Sóknaraðiljar, Kristinn Þorkelsson, Guðrún Þorkelsdóttir og Bentína Þorkelsdóttir, greiði in solidum varnaraðilja, Björgu Pétursdóttur, í málskostnað kr. 1000.00 innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 99/1951. **Pétur Ketilsson og Valdimar Þorsteinsson**

(Sigurður Ólason)

gegn

Jóni Guðmundssyni f. h. Hvítaness s/f

(Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. júlí 1951, krefjast þess aðallega, að þeim verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 480.00, en til vara, að dómkrafan verði lækkuð samkvæmt gögnum málsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda að mati